**151. löggjafarþing 2020–2021.**
**Þingskjal 746 — 332. mál.**

# Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um spilakassa.**

1. *Hverjar voru brúttótekjur Íslandsspila sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af spilakössum árið 2019?*

| **Brúttótekjur** | **Millj. kr.** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 8.393 |
| Íslandsspil | 4.108 |
| **Hreinar happdrættistekjur árið 2019** | **Millj. kr.** |
| HHÍ – happdrættisvélar | 2.490 |
| Íslandsspil | 1.240 |

Brúttótekjur eru innkomið fé af sölu. Hreinar happdrættistekjur eru brúttótekjur að frádregnum útborguðum vinningum.
Tölur HHÍ eiga einungis við um umfang og rekstur happdrættisvéla en ekki annan rekstur happdrættisins.
Söfnunarkassar og happdrættisvélar eru í fyrirspurn nefnd spilakassar.

2. *Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis árið 2019 og hve stór hluti rekstrargjalda rann annars vegar til kaupa og hins vegar til leigu á spilakössum?*

| **Heildarrekstrargjöld árið 2019*** | **Millj. kr.** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 1.268 |
| Íslandsspil | 666 |

*Heildarrekstrargjöld eru öll rekstrargjöld, þ.m.t. laun starfsfólks, ferðakostnaður og skrifstofukostnaður, umboðslaun til rekstraraðila spilastaða og kostnaður við spilakassa, hvort sem þeir eru leigðir eða keyptir.

Hlutfall af rekstrargjöldum.

| **Kaup á spilakössum 2019** | **Hlutfall** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 16,7 |
| Íslandsspil | 33,0 |

Hlutfall af rekstrargjöldum.

| **Leiga á spilakössum 2019** | **Hlutfall** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar* | 26,3 |
| Íslandsspil | 0,0 |

*Rekstrarleiga er greiðsla fyrir leigu á skjávélum og fyrir alla aðra þjónustu við vélarnar sem birgir veitir, svo sem endurnýjun skjávéla, endurnýjun og uppfærslu tölvukerfa, aðgengi að nýjum leikjum og ýmsa aðra aðstoð.

3. *Af hvaða aðilum hafa spilakassar, annars vegar Happdrættis Háskóla Íslands og hins vegar Íslandsspila sf., verið keyptir eða leigðir eftir atvikum árið 2019 og hve stór hluti tekna af spilakössum, hlutfallslega og í krónum, rann til rekstraraðila þar sem spilakassarnir eru starfræktar?*

| **Birgjar** | **Árið 2019** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | IGT* og Novomatic |
| Íslandsspil | Scientific Games, IGT |

*International Game Technology

Hlutfall af hreinum happdrættistekjum til rekstraraðila þar sem vélar eru starfræktar (umboðslaun).

| **Umboðslaun árið 2019** | **Hlutfall** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 24,0 |
| Íslandsspil | 19,27 |

Fjárhæðir í milljónum króna af hreinum happdrættistekjum til rekstraraðila þar sem vélar eru starfræktar (umboðslaun).

| **Umboðslaun árið 2019** | **Millj. kr.** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 599 |
| Íslandsspil | 239 |

4. *Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis árið 2019?*

| **Heildarvinningsfjárhæðir árið 2019** | **Millj. kr.** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 5.902 |
| Íslandsspil | 2.868 |

5. *Hverjar voru tekjur hvors fyrirtækis að frádregnum vinningum og kostnaði árið 2019?*

| **Tekjur að frádregnum vinningum og kostnaði árið 2019*** | **Millj. kr.** |
|---|---|
| HHÍ – happdrættisvélar | 1.216 |
| Íslandsspil | 673 |

*Fjárhæð sem er til ráðstöfunar til þeirra verkefna sem fyrirtækin fjármagna.

6. *Hver voru heildarframlög hvors fyrirtækis vegna nýrra leikja eða spilakassa árið 2019 til:*
   a. *forvarna og þá hvaða forvarnaverkefna,*
   b. *meðferða og þá hvaða meðferða,*
   c. *auglýsinga og markaðsmála, og þá hvaða auglýsinga og markaðsmála?*

| **Heildarframlög vegna nýrra leikja eða spilakassa/happdrættisvéla 2019** | **Millj. kr.** | |
|---|---|---|
| *HHÍ – happdrættisvélar:* | | |
| a. til forvarna | 5,9 | Framlög til forvarnafræðslu sem HHÍ og Íslandsspil standa fyrir á síðunni Ábyrg-spilun.is sem og fræðsla um ábyrga spilun fyrir starfsfólk HHÍ. Framlög til rannsóknar-aðila til fræðsluöflunar og ráðstefnuferða. Eftirlit óháðs aðila með fylgni HHÍ við staðal *European Lotteries* um ábyrga spilun. Framlag til reksturs Neyðarsímans 1717 sem rekinn er af Rauða krossinum. |
| b. til meðferða | 5,1 | Framlög til meðferðarstarfs SÁÁ. |
| c. til auglýsinga og markaðsmála | 0,0 | |
| *Íslandsspil:* | | |
| a. til forvarna | 6,3 | Verkefni tengd samfélagslegri ábyrgð (a og b). |
| b. til meðferða* | | Verkefni tengd samfélagslegri ábyrgð, m.a. meðferðarstarf SÁÁ. |
| c. til auglýsinga og markaðsmála | 0,0 | |

*Styrkir til SÁÁ í meðferðarstarf vegna spilavanda árið 2020 10 millj. kr.

7. *Hversu margir spilakassar eru í rekstri annars vegar hjá Happdrætti Háskóla Íslands og hins vegar Íslandsspilum sf.?*

HHÍ: 495.
Íslandsspil: 377.

8. *Hvar eru spilakassar staðsettir og hversu margir spilakassar eru í rekstri á hverjum stað fyrir sig?*

Staðsetning og fjöldi spilakassa Happdrættis Háskóla Íslands:

| **Staðsetning** | **Heimilisfang** | **Póstnr**. | **Fjöldi spilakassa** |
|---|---|---|---|
| Billiardbarinn | Faxafeni 12 | 108 | 9 |
| Blásteinn | Hraunbæ 102a | 110 | 11 |
| Búálfurinn | Lóuhólum 2–6 | 111 | 14 |
| Catalina | Hamraborg 11 | 200 | 32 |
| Gullöldin | Hverafold 5 | 112 | 8 |
| Háspenna#1 | Laugavegi 118 | 105 | 82 |
| Háspenna#2 | Hafnarstræti 20 | 101 | 59 |
| Íslenski Rokkbarinn | Bæjarhrauni 26 | 220 | 6 |
| Kringlukráin | Kringlunni 4–12 | 103 | 18 |
| Lundinn Vestmannaeyjum | Kirkjuvegi 21 | 900 | 2 |
| Lukku Láki | Þverholti 2 | 270 | 10 |

| Staðsetning | Heimilisfang | Póstnr. | Fjöldi spilakassa |
|---|---|---|---|
| Mónakó | Laugavegi 78 | 101 | 22 |
| Rauða Ljónið | Eiðistorgi 15 | 170 | 13 |
| Ráin | Hafnargötu 19a | 230 | 8 |
| Riddarinn | Engihjalla 8 | 200 | 14 |
| Snóker og pool | Lágmúla 5 | 108 | 6 |
| Spennustöðin 1 | Reykjavíkurvegi 64 | 220 | 22 |
| Spennustöðin 2 | Höfðabakka 1 | 110 | 26 |
| Spilastofan Akureyri | Strandgötu 25 | 600 | 14 |
| Spot | Bæjarlind 6 | 201 | 12 |
| Videomarkaðurinn | Hamraborg 20a | 200 | 52 |
| Yellow Taxi (Benzincafé) | Grensásvegi 3 | 104 | 8 |
| Ölhúsið | Reykjavíkurvegi 60 | 220 | 11 |
| Ölstofa Hafnarfjarðar (Gamli Enski) | Flatahrauni 5a | 220 | 8 |
| Ölver | Álfheimum 74 | 104 | 28 |

Staðsetning og fjöldi spilakassa Íslandsspila:

| Staðsetning | Heimilisfang | | Póstnr. | Fjöldi |
|---|---|---|---|---|
| Álfurinn Sportbar | Lóuhólum 2–6 | Reykjavík | 111 | 5 |
| Benzincafé ehf. | Grensásvegi 3 | Reykjavík | 108 | 13 |
| Bifreiðastöð Íslands | v/Hringbraut | Reykjavík | 101 | 10 |
| Bitahöllin | Stórhöfða 15 | Reykjavík | 112 | 6 |
| Bitinn – Nólon | Iðavöllum 14 | Reykjanesbæ | 230 | 4 |
| Blásteinn – Rakang | Hraunbæ 102a | Reykjavík | 110 | 5 |
| Bláa Sjoppan | Starengi 2 | Reykjavík | 112 | 4 |
| Bláhornið | Grundarstíg 12 | Reykjavík | 101 | 1 |
| Blómaborg | Breiðumörk 12 | Hveragerði | 810 | 1 |
| Djákninn | Búðareyri 28 | Reyðarfirði | 730 | 2 |
| Doddagrill | Heiðartúni 1 | Garði | 250 | 3 |
| Hamraborg | Hafnarstræti 7 | Ísafirði | 400 | 6 |
| Háteigsbúðin – ISK | Háteigsvegi 2 | Reykjavík | 105 | 1 |
| Íslandsspil | Smiðjuvegi 11a | Kópavogi | 200 | 1 |
| Ís-Grill ehf. | Háholti 14 | Mosfellsbæ | 270 | 7 |
| Íslenski rokkbarinn | Bæjarhrauni 26 | Hafnarfirði | 220 | 6 |
| Jolli | Helluhrauni 1 | Hafnarfirði | 220 | 3 |
| Kjötborg | Ásvallagötu 19 | Reykjavík | 101 | 1 |
| Kringlukráin | Kringlunni | Reykjavík | 103 | 12 |
| Kúlan/Asian Market | Réttarhálsvegi 1 | Reykjavík | 108 | 10 |
| Lucky Luke | Þverholti 2 | Mosfellsbæ | 270 | 15 |
| Lundinn | Kirkjuvegi 21 | Vestmannaeyjum | 900 | 5 |
| Matstofan Borgarnesti | Brákarbraut 3 | Borgarnesi | 310 | 2 |
| Mini Market | Drafnarfelli 14 | Reykjavík | 111 | 3 |
| Mónakó | Laugavegi 78 | Reykjavík | 101 | 17 |
| Ölhúsið | Reykjavíkurvegi 60 | Hafnarfirði | 220 | 7 |
| Orkan/Bláfell | Skagfirðingabraut 29 | Sauðárkróki | 550 | 2 |
| Orkan/Búðarnes | Þuríðarbraut 13 | Bolungarvík | 415 | 2 |

| Staðsetning | Heimilisfang | | Póstnr. | Fjöldi |
|---|---|---|---|---|
| Polo | Skólabraut 28 | Akranesi | 300 | 4 |
| Polo | Reykjavíkurvegi 72 | Hafnarfirði | 220 | 2 |
| Prinsinn | Hraunbæ 121 | Reykjavík | 110 | 15 |
| Prinsinn Mjódd | Þönglabakka 6 | Reykjavík | 109 | 23 |
| Publin | Engihjalla 8 | Kópavogi | 200 | 4 |
| Rauða Ljónið | Eiðistorgi 15 | Seltjarnarnesi | 170 | 8 |
| Ráin | Hafnargötu 19 | Keflavík | 230 | 6 |
| Shellskálinn | Strandgötu 13 | Eskifirði | 735 | 2 |
| Shellskálinn | Austurmörk 22 | Hveragerði | 810 | 2 |
| Skalli | Hraunbæ 102 | Reykjavík | 110 | 5 |
| Skálinn | Hásteinsvegi 24 | Stokkseyri | 825 | 1 |
| Skálinn | Þorlákshöfn | Þorlákshöfn | 815 | 2 |
| Smári | Dalvegi 16c | Kópavogi | 200 | 27 |
| Spennustöðin | Reykjavíkurvegi | Hafnarfirði | 220 | 24 |
| Spennustöðin | Höfðabakka 1 | Reykjavík | 112 | 9 |
| Sportbarinn | Álfheimum 74 | Reykjavík | 104 | 12 |
| Spot | Bæjarlind 6 | Kópavogi | 201 | 6 |
| Söluskáli ÓK | v/Ólafsbraut | Ólafsvík | 355 | 3 |
| Söluskálinn Björkin | Austurvegi 10 | Hvolsvelli | 860 | 3 |
| Sölut. Holtanesti | Melabraut 11 | Hafnarfirði | 220 | 6 |
| Sölut. Hraunbergi | Hraunbergi 4 | Reykjavík | 111 | 4 |
| Tjarnargrill | Tjarnarbraut 24 | Reykjanesbæ | 260 | 2 |
| Tvisturinn ehf. | Faxastíg 36 | Vestmannaeyjum | 900 | 5 |
| Ungó Keflavík | Hafnarstræti 6 | Keflavík | 230 | 7 |
| Veitingahúsið Vör | Hafnargötu 9 | Grindavík | 240 | 1 |
| Verslunin Urð | Aðalbraut 16 | Raufarhöfn | 675 | 3 |
| Verslunin Vogum ehf. | Iðndal 2 | Vogum | 190 | 1 |
| Videomarkaðurinn ehf. | Hamraborg 20a | Kópavogi | 200 | 34 |
| Vikivaki | Barónsstíg | Reykjavík | 101 | 1 |
| Vikivaki | Laugavegi 5 | Reykjavík | 101 | 1 |

9. *Hversu hátt er vinningshlutfall spilakassanna annars vegar hjá Happdrætti Háskóla Íslands og hins vegar hjá Íslandsspilum sf.? Útreikningar óskast sundurliðaðir.*

HHÍ: 92% að meðaltali af spilun.

Íslandsspil: 92% að lágmarki af spilun.

10. *Eru einhverjir af spilakössum Happdrættis Háskóla Íslands eða Íslandsspila sf. með sjálfspilun (e. auto play)?*

Nei.

11. *Hver bar ábyrgð á eftirfylgni með framkvæmd laga um spilakassa á árunum 2015–2019?*

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018, fer dómsmálaráðuneyti með mál er varða happdrætti. Samkvæmt lögum um happdrætti, nr. 38/2005, fer ráðuneytið með eftirlit með happdrættum þar sem spilað

er um peninga eða peningaígildi en eftirlit með öðrum happdrættum er í höndum sýslumanns. Um happdrættisvélar gilda lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, og um söfnunarkassa lög um söfnunarkassa, nr. 73/1994, ásamt reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Á árinu 2007 var sýslumanninum á Hvolsvelli með bréfi falið að skipuleggja og framkvæma í umboði ráðherra tiltekið eftirlit með spilakössum í samvinnu við aðra sýslumenn og lögregluyfirvöld. Nánar tiltekið var sýslumanni falið að halda utan um eftirfarandi atriði: Að fram komi á spilakössunum hver sé rekstraraðili þeirra. Að ganga úr skugga um að spilakassarnir beri raðnúmer (framleiðslunúmer). Að fram komi upplýsingar á spilakössunum eða á spjaldi hjá þeim, hvert ágóði af rekstri þeirra rennur. Að fylgst sé með því að þeir sem spila séu að lágmarki 18 ára gamlir, en í reglugerðum beggja rekstraraðilanna er kveðið á um þennan lágmarksaldur. Að börn yngri en 18 ára geti ekki fengið greidda út vinninga. Að spilakassarnir séu aðeins þar sem heimilt er að reka þá. Að tryggilega sé gengið frá því að umsjónarmaður hafi virkt eftirlit með spilakössunum. Verkefni þessi eru nú á hendi sýslumannsins á Suðurlandi.

Ráðuneytið vinnur nú að skipun starfshóps sem ráðgert er að hafi það hlutverk að kanna mögulegar réttarbætur á sviði happdrættismála og gera tillögur til ráðherra um breytingar á lögum og reglugerðum um happdrætti teljist þær nauðsynlegar.

*12. Hverjar voru niðurstöður úttekta á þeim árum á þeim atriðum sem fylgjast skal með eins og vinningshlutfalli?*

Ráðuneytið er í samskiptum við þau fyrirtæki sem starfrækja spilakassa, bæði reglubundið og óreglulega, og tekur á móti ýmsum upplýsingum frá þeim um starfsemina sem teknar eru til skoðunar. Þar á meðal eru ársskýrslur fyrirtækjanna. Á grundvelli þeirra gagna sem borist hafa eða aflað hefur verið hafa ekki verið gerðar athugasemdir við starfsemi fyrirtækjanna og upplýsingar benda til þess að vinningshlutfall sé í samræmi við lög og reglugerðir um spilakassa. Þá hefur eftirlit sýslumanns og lögreglu ekki leitt til athugasemda.